

Nd.
um Fiskiðju ríkisins.

310. Frumvarp til laga

[146. mál]

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Ríkið starfrækir verksmiðjur til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða, og nefnast þær Fiskiðja ríkisins.

2. gr.

Fiskiðja ríkisins hefur forustu um tilraunastarfsemi við frystingu, niðursuðu, niðurlagningu og hvers konar fullvinnslu matvæla úr síld og öðrum fisktegundum. Fiskiðja ríkisins hefur samvinnu við rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði. Skal að því stefnt, að sett verði á fót sérstök rannsóknardeild, er hafi með höndum vísindalegar athuganir í niðurlagningar- og niðursuðutækni.

Fiskiðja ríkisins gerir ráðstafanir til þess, að nægilega margir Íslendingar hljóti sérmenntun erlendis í þessari iðngrein og efnt sé öðru hverju til námskeiða hér á landi fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Fiskiðja ríkisins hefur forustu um öflun markaða erlendis. Fiskiðjan beitir sér fyrir myndun sölusamtaka, er annast sölu á fullnum fiskréttum í ýmsum tegundum umbúða og undir einu vörumerki.

3. gr.

Niðurlagningarverksmiðja ríkisins á Siglufirði skal rekin samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram 6 milljónir króna í fimm ár, samtals 30 milljónir króna, til að fullgera niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði og til að koma upp nokkrum öðrum verksmiðjum til fullvinnslu matarrétta úr fisktegundum. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast lán í sama tilgangi að upphæð allt að 200 milljónum króna.

Við staðsetningu nýrra verksmiðja skal Fiskiðja ríkisins einkum miða við, að þeir staðir sitji í fyrirrúmi, sem um langa hríð hafa búið við ótryggt atvinnuástand.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram 8 milljónir króna í fimm ár, samtals 40 milljónir króna, til tilraunastarfsemi og markaðsöflunar fyrir fullunna síldarrétti og aðra fiskrétti og til að tryggja rekstur Fiskiðju ríkisins.

6. gr.

Stjórn Fiskiðju ríkisins er skipuð 7 mönnum og 7 til vara, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, og lög nr. 52 25. maí 1949, um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

Greinargerð.

Í stuttu máli er það meginefni þessa frumvarps, að ríkisvaldið framkvæmi nú það, sem vanrækt hefur verið um langa hríð: leysi niðursuðuiðnað á Íslandi úr þeirri sjálfheldu, sem hann lengi hefur setið fastur í, og leggi nú grundvöll að stóriðju í matvælaíðnaði með markvissum ráðstöfunum.

Hér er gerð um það tillaga:

að sett verði á stofn Fiskiðja ríkisins, er starfi undir sérstakri þingkjörinni stjórn;

að ríkið leggi fram fjármagn, svo að unnt sé með nokkurri von um árangur að ráðast til atlögu við mesta vandamál þessa iðnaðar: markaðsvandamálið. Meðal annars verði stofnað til sölusamtaka framleiðenda, er reyni sameinaðir að brjótast inn á frjálsan markað erlendis undir einu auglýstu vörumerki;

að fiskiðjan taki við rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði;

að fiskiðjan reisi nokkrar nýjar verksmiðjur, eftir því sem markaður leyfir, og verði við staðsetningu þeirra einkum haft í huga að bæta atvinnuástand staða, þar sem vinna er að staðaldri ónóg;

að Fiskiðja ríkisins fái það hlutverk að hafa forustu um hvers konar vísindarannsóknir á þessu sviði: innleiði tækninýjungar og geri tilraunir með nýja matarrétti;

að Fiskiðju ríkisins verði falið að gera ráðstafanir til þess, að Íslendingar eignist fjölmennan hóp sérmenntaðra manna í niðursuðutækni: áhugamenn séu kostaðir til náms erlendis og efnt sé öðru hverju til sérstakra námskeiða fyrir verkstjóra og annað starfslíð.

Niðursuðuiðnaður á Íslandi hefur löngum verið olnbogabarn í íslenzku atvinnulífi. Megináherzla hefur verið á það lögð að moka sem mestum afla á land, en minna unu það hirt að fullvinna afurðirnar. Íslendingar hafa fyrst og fremst tekið að sér að sjá fiskvinnslustöðvum víða um heim fyrir ódýru, en afbragðsgóðu hráefni. Þeir hafa farið með hlutverk hins frumstæða veiðimanns, en á meðan hafa aðrar þjóðir haft til þess vit og vilja að margfalda hráefnisverðið og hagnast drjúgum á fullvinnslu afurðanna.

Árið 1957 voru 15% af útflutningsverðmæti norskra sjávarafurða ýmsar fiskategundir í loftþéttum umbúðum, soðnar eða lagðar niður. Sama ár var hliðstæð hlutfallstala á Íslandi aðeins 0.4%. Vitað er, að norskur niðursuðuiðnaður hefur síðan verið í stöðugri sókn, en þróun þessa iðnaðar hefur verið mjög hæg á Íslandi. Árin 1963 og 1964 var hlutfallstala niðursuðuvara miðað við fiskafurðir enn hin sama, þ. e. um 0.4%. Framleiðslan hafði nokkuð aukizt, en þó ekki meir að tiltölu en aflamagnið.

Árið 1940—1941 var útflutningur Íslendinga á niðursuðuvörum um 700 tonn eða um það bil tvöfalt meiri en 1963 og 1964 (340 og 380 tonn). Árið 1948 var útflutningsmagnið um 1000 tonn, en árið 1954 aðeins um 50 tonn. Má af þessu ráða, hve þróunin í niðursuðuiðnaði hefur verið einkennilega skrykkjótt og hægfara.

Árið 1965 var útflutningsmagn niðursuðuvara komið upp í 682 tonn, að verðmæti 32.6 milljónir króna, og var aukningin í krónutölu frá árinu 1964 um 12 milljónir. Munar þar mest um aukna sölu til Sovétríkjanna og annarra Austur-Evrópuríkja (aukningin samtals um 10 millj. króna). Á árinu 1966 má búast við, að útflutningur á niðursuðu- og niðurlagningarvörum aukist mjög verulega, fyrst og fremst vegna stórauðinnar sölu til Sovétríkjanna. En rétt er að minnst þess, að þrátt fyrir allmikla aukningu útflutningsins á seinustu árum var hlutfallstala niðursuðu- og niðurlagningarvara af útfluttum fiskafurðum ekki komin upp í nema 0.6% árið 1965, og talinn í tonnum hafði útflutningurinn enn ekki náð því hámarks-magni, sem útflutt var 1941. Þessi iðngrein er sem sagt enn í fæðingu — nú aldarfjórðungi síðar.

Hver er þá helzta skýringin á erfiðleikum niðursuðuiðnaðarins? Um það er vist ekki þörf að deila. Skýringin er fyrst og fremst sú, að skort hefur markaði. En hvers vegna hefur markaði skort? Öllum ber þó saman um, að íslensk hráefni séu með þeim beztu, sem fáanleg eru í heiminum. Hvers vegna geta Íslendingar ekki selt þessa framleiðslu eins og aðrar þjóðir?

Um leið og reynt er að svara spurningunni, er nauðsynlegt að gera sér þess grein, að markaðsöflun fyrir fullunnar iðnaðarvörur er miklu meiri erfiðleikum bundin en sala á hráefnum eða hálfunnum vörum. Í upphafi þarf stórfellda auglýsingaherferð á frjálsum markaði, erindrekstur og tilraunastarfsemi. Hér á landi hafa verið starfræktar fjölmargar verksmiðjur, en þær hafa flestar verið litlar og ófullkomnar. Eigendur hafa oftast verið fjárvana og ekki þolað neins konar áföll eða byrjunarörðugleika. Auk þess hefur sérþekking og tæknikunnátta verið mjög af skornum skammti, og stundum hefur framleiðslan misheppnast. En jafnvel smávægilegustu mistök geta eyðilaggt stóran markað. Vafalaust skiptir þó mestu máli, að aldrei hefur verið gert stórfellt, markvisst átak til að selja framleiðsluna. Framleiðendur hafa aldrei haft nein samtök með sér. Enginn aðili hefur haft fjármagn til að brjótast inn á frjálsan markað með þeim krafti, sem til þarf. Enginn hefur getað leyft sér að taka þá áhættu, sem í upphafi fylgir slíku.

Nú eru hér á landi þrjár meiri háttar verksmiðjur í þessum iðnaði, allar búnar mjög góðum framleiðslutækjum. K. Jónsson & Co. h/f á Akureyri framleiðir langsamlega mest og flytur megnið af framleiðslu sinni til Sovétríkjanna samkvæmt föst-

unn samningum. Norðurstjarnan í Hafnarfirði selur aðallega til Bandaríkjanna undir norsku vörumerki og hefur átt við nokkra byrjunarerfiðleika að stríða. Á Siglufirði var að frumkvæði Alþingis og ríkisstjórnar hafin bygging verksmiðju af fullkomnustu gerð, og er hún nú hálfbyggð. Verksmiðjan er rekin undir stjórn S. R. og var ætluð sem framlag hins opinbera til styrktar þessum iðnaði og átti að ryðja öðrum verksmiðjum brautina. Framleiðslan hefur þótt takast mjög vel, og er hún að mestu seld til Sovétríkjanna, en því miður hefur ekkert markvisst átak verið gert til að afla annarra markaða.

Með byggingu Siglufjarðarverksmiðjunnar var mikilvægt spor stigið í rétta átt. Næsta spor er að hefja viðtæka markaðsöflun og skipuleggja þennan atvinnuveg í heild sinni, svo að hann megi stóreflast á næstu árum. Stóriðja í matvælaiðnaði er það, sem koma skal. Ef rétt er á málum haldið, hlýtur þessi iðnaður að verða einn af grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar í framtíðinni.